

SVÆÐISGARÐURINN SNÆFELLSNES



Tími og staður : 3.4.2017

FUNDARGERÐ

Hópur	Eigendaráðsfundur í Svæðisgarði
Fundarefni	Eigendaráðsfundur; aðal viðfangsefnið: Gestastofa Snæfellsnes
Fundarstjórn	Hafðís Bjarnadóttir
Fundarritari	Ragnhildur Sigurðardóttir
Fundarmenn	Fulltrúar í eigendaráði: Hafðís, Eyþór, Björn, Kristjana, Eggert, Hallur, Helga, Hilmar, Halldór, Sturla, Þröstur, Rósa, Keli, Jósef. Starfsmenn: Ragnhildur og Maggý. Gestur: Sigursteinn arkitekt
Framlögð gögn	Kynning RS

DAGSKRÁ

1. Samvinnuverkefni á Snæfellsnesi
<ul style="list-style-type: none">Hafðís setti fundinnRS fór yfir samvinnuverkefni á Snæfellsnesi (sjá kynningu)
2. Gestastofa Snæfellsnes
<ul style="list-style-type: none">Margrét Björk fór yfir forverkefnið í Eyja-og Miklaholtshrepp, námskeiðið, hugmyndasmiðjuna ofl.Sigursteinn fór yfir hönnunartillögur <p>Umræður</p> <ul style="list-style-type: none">Skjól/útsýniInnisvæði a.m.k. 570 m²Rætt um hvernig hægt er að takmarka áhættuna á því að ferðamenn reyni að gista á opnu innisvæði/hafa Save travel stöðugt í gangi.Hvernig fer saman að hafa gestastofu/upplýsingamiðstöð og heimilisiðnaðareldhúsSnæfellsnes appMöguleikar á stjórnun/öryggisatriðiFjölnota salur, t.d. gallerí fyrir listamenn á SnæfellsnesiAth með glugga í sal/skjávarpa tæknina/má ekki vera of mikil birta. Falskir gluggar?Stórt merki svæðisgarðsins á skilti og vegginn.Rætt um salerniMöguleikar á útisalernum.Save Travel/öryggisuppl. til ferðamanna allan sólarhringinn.Mikill áhugi á að hafa Snæfellsnes kortið, varpa því á salargólfíð.Des – apríl er oft erfiður tími í ferðaþjónustu. Norðurljósaferðir. Ef við búum til aðlaðandi áfangastað væri örugglega hægt að fá flesta leiðsögumenn til að stoppa hér, fá upplýsingar! Sem er einmitt það sem við viljum veita.Keli, Helga og Sturla lýstu ánægju sinni með framkomnar hugmyndir. Þurfum að draga fram „Snæfellsnes“ sem heild.
3. Möguleg næstu skref
<ul style="list-style-type: none">Kynning MBGróf kostnaðargreining, beinn rekstrarkostnaður af Breiðabliki á ári er c.a. 400.000 kr.Húsið þarf að skila því til baka sem lagt er í það.Margir tekjumöguleikar



- Rætt um Save Travel, hvort hægt er að hugsa stóra kortið með þeim líka
- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Til máls tóku Eggert, Hafdís, Halldór, Sturla, Eypór, Þorkell, Kristjana, Helga, Sigursteinn, Þröstur, Maggý, Ragnhildur og Björn.

- Fram kom ánægja með framvindu verkefnisins, hönnunartillögur, vilji til að verkefnið verði að veruleika og að fyrsti áfangi opni strax í sumar. Mikilvægt að á Breiðabliki verði aðstaða fyrir húsbíla, salerni og tjaldstæði fyrir ferðamenn. Að vel verði gengið frá bílastæði og skiltum/merkingum. Hlutverk gestastofu er mikilvægt, sérstaklega yfir vetrartímann. Þurfum að vanda vel allt sem gert verður þannig að gestastofa Snæfellsness verði okkur öllum til sóma.

Rætt um sjálfseignastofnun: hvort svæðisgarðurinn eigi að vera með atvinnurekstur eða ekki. Stefnt er að gjaldtöku fyrir salerni um leið og þau verða tilbúin. Svæðisgarðurinn mun sjá um gestastofuna.

5. Ákvarðanir

Fundarstjóri bar upp tillögu um leyfi til að klára hönnun. Samþykkt samhljóða

Fundarstjóri bar upp tillögu um að byrja framkvæmdir á fyrsta áfanga eftir framkomnum tillögum. Samþykkt samhljóða

Fundarstjóri bar upp tillögu um að Svæðisgarðurinn verði sjálfseignastofnun sem er ekki í atvinnurekstri. Samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 12.20